

Nd.

#### 42. Nefndarálit.

í málinu: frumvarp til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi.

Nefnd sú, er kosin var til þess að ihuga mál þetta hefir orðið ásátt um, að ráða deildinni til að hraða málinu, með afbrigðum frá þingsköpum, og leggur það til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt að öðru en því, að milli fyrstu og annarar greinar komi ný grein svo látandi:

Af birgðum þeim, sem fyrir liggja af áfengum drykkjum, þegar lög þessi öðlast gildi, skal greiða gjald, er samsvari hækkun aðflutningsgjaldsins eftir lögum þessum. Hver sá er slikar vörur hefir til sölu, skal senda lögreglustjóra sínum innan viku drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefir, og greiðir jafnframt gjaldið.

Neðri deild alþingis, 22. febrúar 1909.

Ólafur Briem,      Björn Kristjánsson,      Jón Ólafsson,  
formaður.                      skrifari.                      framsögumaður.

Einar Jónsson.      Magnús Blöndahl.      Jón Sigurðsson.      Jón. Jóhannesson.